

Og enn fremur segir sami höf., að til sé menn, sem strái ljósi, gleði og yl í kringum sig að eins með því, að vera til. Miklu mennirnir, sem eiga að vera hið eftirþráða takmark mannkynsins, gera einmitt þetta.

Það eru því einmitt þeir menn, hvorra verk eru eitt og hið sama og þeir sjálfir, sem eru markmið sögunnar, það er að segja svo framarlega sem það er ekki einvörðunгу markmiðið, að framleiða síðferðislega fullkomna menn. Það er því réttilega tekið fram í síðfræði Höffttings, að hið síðferðislega takmark viljakraftarmannsins geti ekki álitist sem aðalmarkmið alheimsframþróunarinnar.

Aðalkjarninn í þessari kenningu eða skoðun er því sú, að það geti engin aðgreining átt sér stað með mikla manninn, sem takmark og meðal. Goethe getur aldrei þýtt Goethe nema ásamt verkum hans. Hann orkti ekki hin mörgu smá ástakvæði sín „fyrir fólkis“, heldur vegna þess, að hann varð að yrkja þau, þó þeir, sem lesa þau og skilja, hafi skemmtun af þeim.

EKKI ER ÞÓ SVO AÐ SKILJA, AÐ VERIÐ SÉ AÐ KASTA NOKKRUN SKUGGA Á FJÖLDANN MEÐ KENNINGU ÞESSARI.

Hver einstaklingur á skilið hluttekningu. Hver einstaklingur hefir sitt gildi sem maður, og í raun og veru sjerstakt manngildi, eftir því undir hvaða kringumstæðum hann lifir. Prátt fyrir það, að margir af mestu mönnum heimsins hafa látið í ljós lítilsvirðingu fyrir fjöldanum, þá hafa þeir ekki þar með meint, að neita mannréttindum almúgans. Goethe sagði, að fjöldinn gæti gefið þung og mikil högg, en dómgreind hans væri aumkunarlega veik. Schiller sagði, að hver einstaklingur hafi svona þolanlega skynsemi, en þegar þessir einstaklingar komi saman í hóp, verði þeir undir eins að heimskingjum. Þegar merkisberum menningarinnar þykir nauðsyn til bera, að velja ávallt fleiri og fleiri af fjöldanum til ýmissa þýðingarmikilla starfa, þá er þessi nauðsyn eða þörf talandi vottur um hið smávaxna manngildi fjöldans, og eins hætta sú, er móttstaða hans getur verið mikla manninum, þá hann einkum og sérstaklega hefir velferð hans og hamingju fyrir augum, því það er velferð og hamingja